

## POL- Samfélagsleg ábyrgð

### Tilgangur og markmið

Með stefnu um samfélagsleg ábyrgð leggur SaltPay IIB hf. (hér eftir „SaltPay“) áherslu á að störf félagsins séu samfélaginu og hagaðilum þess til góða. Fylgni við stefnu þessa er mikilvægur þáttur í að tryggja að svo sé. Stefnan nær ekki til krafna sem félaginu er samkvæmt lögum eða samningum skylt að uppfylla heldur eru í henni skilgreindar kröfur sem félagið gerir til sjálfs sín umfram það sem því er skylt.

### Umfang

Stefnan nær til helstu hagaðila SaltPay sem eru viðskiptavinir, starfsfólk, samstarfaðilar, hluthafar, birgjar og þau samfélög þar sem þjónusta SaltPay er veitt.

### Stefna

Stefna SaltPay um samfélagslega ábyrgð lítur til þess hvaða áhrif starfsemin almennt hefur á hagaðila, umhverfið og hverjir eru helstu snertifletir starfseminnar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. SaltPay hefur með hliðsjón af þessu ákveðið að leggja áherslu á 3 af 17 heimsmarkmiðum:

#### Heimsmarkmið nr. 3 - Heilsa og velliðan

Það er markmið SaltPay að fyrirtækið verði fyrsta val hæfra einstaklinga þar sem starfsfólk hafi tækifæri til að þróast og eflast. Þetta gerum við með því að:

- Hvetja starfsmenn til að gera hreyfingu að þætti í daglegu lífi s.s. með því að bjóða líkamsræktarstyrki og samgöngustyrki.
- Bjóða upp á góðan og næringarríkan mat í mötuneyti félagsins.
- Setja stefnu um aðlögun vinnu og einkalífs.

#### Heimsmarkmið nr. 5 - Jafnrétti kynjanna

Það er markmið SaltPay að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna innan félagsins. Þetta gerum við með því að:

- Tryggja virka þátttöku kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku.
- Veita öllum starfsmönnum, jafnt konum sem körlum, umboð til athafna og þar með tækifæri til að sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Greiða sambærilega laun fyrir sambærileg störf.
- Skapa umhverfi sem stuðlar að því að bæði kynin sækji jafnt sí- og endurmenntun.
- Skapa umhverfi sem hvetur karla jafnt sem konur að nýta sér rétt til fæðingarorlofs.
- Stefna um aðlögun vinnu og einkalífs byggi á jöfnu framlagi karla og kvenna til heimilis.

#### Heimsmarkmið nr. 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla

Það er markmið SaltPay að félagið leiti allra leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum starfsemi félagsins. Þetta gerum við með því að:

- Draga úr kolefnislosun vegna ferðalaga innanlands og utan sem og vegna innkaupa á aðföngum eins og frekast er unnt.

## **POL- Samfélagsleg ábyrgð**

- Takmarka mengun vegna úrgangs með því að:
  - o Útrýma allri óþarfa neyslu
  - o Takmarka s.s. hægt er kaup á einnota hlutum eða hlutum með stuttan líftíma
  - o Flokka og endurnýta það sem hægt er
  - o Velja birgja m.a. með tilliti til vistspors þeirra
- Ráðast í mótvægisáðgerðir s.s. kolefnisjöfnun vegna neikvæðra umhverfisáhrifa af starfseminni.

Samþykkt af stjórn SaltPay IIB hf. 19. desember 2019